



Kópavogur, 28. mars 2025

Varðar: Breytingar á reglum um vottun virkjana vegna útgáfu upprunaábyrgða.

Vísað er til erindis frá Landsneti dags. 3. mars 2025 þar sem óskað er eftir ábendingum frá útgefendum upprunaábyrgða á breyttum reglum um vottun virkjanna vegna útgáfu upprunaábyrgða (hér eftir nefnt reglurnar). HS Orka þakkar tækifærið til að koma eftirfarandi á framfæri.

Breytingar til að efla traust eru jákvæðar

Almennt telur HS Orka jákvætt að farið sé í breytingar á kerfi upprunaábyrgða hérlandis, ef breytingar eru til þess fallnar að styrkja viðskiptakerfi upprunaábyrgða. Á árinu 2023 kom fram brotalöm í úttekt AIB sem varð til þess að útflutningsbann var sett á Ísland um nokkurra mánaða skeið. Forðast þarf að slíkt endurtaki sig. Í grundvallaratriðum er HS Orka sammála um mikilvægi þess að sátt ríki um íslenskar upprunaábyrgðir.

Fáein atriði til umhugsunar

Um 5.1

Í 5.1. kemur fram að umsækjanda beri að fylla út sérstaka umsókn í tengslum við beiðni hans um útgáfu upprunaábyrgða. Æskilegt væri að þetta umsóknareyðublað lægi fyrir, t.d. sem viðauki við tillögur.

Um 5.3.

Í grein 5.3., er þess getið, að Landsnet hf. geti óskað eftir gildandi raforkusölusamningum til að sannreyna að samningar feli ekki í sér takmörkun á heimildum umsækjenda sem framleiða raforku til að framselja upprunaábyrgðir. Þessi heimild Landsnets hf. getur túlkast mjög vítt. Fyrir fyrirtæki eins og HS Orku, þá er fjöldi raforkusölusamninga (=viðskiptavina) nokkrir tugþúsundir og getur breyst á hverjum degi. Í reynd er ógerningur að uppfylla þessa kröfu nema í mjög skamma stund þar sem viðskiptavinahópurinn breytist daglega.. Hér telur HS Orka eðlilegt að miða upplýsingaskyldu t.d. við stórnotendur eða að minnsta kosti stærri notendur á almennum markaði.



Jafnframt bendir HS Orka á að hægt er að gera raforkusölusamninga (PPA) sem eru með upprunaábyrgðum, án þess að krafa sé um upprunaábyrgðir frá tilteknu orkuveri. Græn evrópsk orka er engu síðri en græn íslensk orka. Nú þegar eru nokkrir stórnotendur að nýta upprunaábyrgðir án sérstakra kvaða um það hvaðan upprunaábyrgðin kemur. Svo fremi sem vensl séu ekki tilgreind í raforkusölusamningi er því sett spurningamerki við það hvort bann við útgáfu frá tilteknu orkuveri gæti verið óhóflega íþyngjandi til að ná fram markmiði reglnanna.

Komi upp sú staða að útgáfu sé hafnað vegna mögulegrar tvítalningar þarf að gæta þess að höfnun nái ekki óhóflega langt. Notkun viðskiptavinar í raforkusölusamningi ætti í öllum tilfellum að vera hámark frátekinna upprunaábyrgða .

Almennt

Huga þarf að því hvaða úrræði eru í boði fyrir raforkusala og/eða raforkukaupanda ef þeir eru ósáttir við túlkun Landsnets á raforkusölusamningi og útgáfu þar með hafnað. Engin ákvæði eru um þetta í breytingartillögum að drögum að nýjum reglum.

Sátt er lykilinn

Að endingu vill HS Orka benda á að félagið kappkostar að starfa í sátt við alla aðila á markaði hvað varðar upprunaábyrgðir. Tekjur af sölu upprunaábyrgða fara til uppbygginga nýrra aflstöðva, en nú er stækkun í Svartsengi í fullum gangi. Þá eru flestar bændavirkjanir hérlandis í viðskiptasambandi við HS Orku þar sem þeim er gefin sérstök greiðsla fyrir upprunaábyrgðir.

f.h. HS Orku hf.

Þrándur Ólafsson,
Sérfræðingur í orkuviðskiptum